



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 5/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banki hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 5/2014 varð að reglum nr. 712/2014 um yfirfærða útlánahættu vegna verðbréfunar

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Arion banki	Almenn umsögn	<p>Arion banki hf. þakkar það tækifæri að koma á framfæri umsögn við umræðuskjal nr. 5/2014. Bankinn telur þó rétt að taka fram eins og hann hefur gert áður að telja verður rétt að Fjármálaeftirlitið gefi rúman og raunhæfan tíma þegar kemur að umsögnum. Bankinn fékk þó skamman frest, er það þakkað. Umræðuskjal þetta barst m.a. í miðju ICAAP ferli og á tíma þar sem hittist svo á að fjölmargir almennir frídagar eru. Ítrekað skal að til þess að hægt sé að vinna umsögn sem þessa þarf aðkomu nokkurra aðila innan bankans. Vandaðar og vel unnar umsagnir hljóta að vera til góða bæði fyrir eftirlitsaðila og eftirlitsskylda aðila þar sem báðum aðilum er ætlað að fylgja reglunum.</p> <p>Arion banki bendir á að þegar reglur eru senda til umsagnar væri heppilegt ef ljóst væri í dreifibréfi sem fylgir með hvað sé nákvæmlega verið að innleiða í Evróputilskipunum og hvar það sé innleitt í viðkomandi reglum, þegar svo stendur á. Bankinn óskaði þó eftir skýringu og fékk senda að hluta.</p> <p>CRD IV/CRR það virðist ekki að fullu ljóst hvort verið sé að innleiða hluta að CRD IV pakkanum. Bankinn bendir á að hvorki tilskipunin né reglugerðin hafa verið innleiddar í íslenskan rétt og því erfitt að sjá hvernig FME er mögulegt að gera það án aðkomu löggjafans, sé slíkt raunin.</p>
2	Arion banki	2. gr.	<p>Orðskýringar eru ekki nægilega skýrar. Nefna má sem dæmi að erfitt er að átta sig með vísan til orðalagsins hver sé "útgefandi". Jafnframt má telja óheppilegt að "útgefandi" í reglum þessum hafi aðra merkingu en útgefandi í lögum um verðbréfavíðskipti. Slíkt kann að bjóða upp á misskilning þar sem lagabálgar þessir vinna í ýmsum tilvikum saman. Bankinn er þó meðvitaður um að þetta er það orðalag sem notað er í lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. 29. gr. b., c og d.</p>
3	Arion banki	3. gr.	<p>Það gæti orðið erfitt að átta sig á orðalagi greinarinnar í framkvæmd og hvaða skilning beri að leggja í hana. Virðist ekki í fullu samræmi við orðalag 122a í tilskipunar 2006/48/EB, með síðari breytingum.</p>

4	Arion banki	9. gr.	<p>Í 9. gr. umræðuskjalsins er að finna grein sem heitir "aðlögun". Í henni kemur fram að beita skuli reglunum á nýjar verðbréfanir sem gefnar eru út hinn 1. janúar 2011, eða síðar. Virðist sem greinin hafi verið þýdd beint úr 8. mgr. 122 gr. a í áður nefndri tilskipun. Bent skal á að tilskipunin er frá 2009 og virðist sem um svokallaða "aðlögunargrein" að ræða. Verður að telja að slíkt eigi ekki við hér og eðlilegt að reglunum sé ekki beitt á nýjar verðbréfanir fyrr en eftir birtingu reglna þessa. Skiptir þar engu þrátt fyrir að greinar 29 b, c, og d. hafi verið lögfestar með lögum nr. 119/2011, þar sem þær vísa til reglusetningar sem nú er verið að vinna að. Eins og drög að reglunum eru settar upp í dag, þ.e. umrædd 9. gr. þá er um afturvirka reglusetningu að ræða.</p> <p>Bankinn bendir þó á að nauðsyn er að halda 2. mgr. 9. gr. inni í reglunum, sem mögulega væri hægt að færa í aðra grein eða sér grein.</p>
---	-------------	--------	--